

45. AÐALFUNDUR  
SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI  
- Framhaldsfundur -



---

DALABÚÐ - BÚÐARDAL  
18. SEPTEMBER 2014



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## EFNISYFIRLIT

---

Dagskrá framhaldsaðalfundar 2014 .....	3
Fulltrúar og gestir á framhaldsaðalfundi SSV 2014 .....	4
Fundarsetning.....	5
Kynning á breytingum á starfsemi SSV, tillögu að lagabreytingu og fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 .....	6
Kynning á starfsemi og verkefnum SSV .....	7
Samskipti ríkis og Sveitarfélaga .....	8
Kynning á íbúa- og fyrirtækjakönnun á Vesturlandi sem unnin var 2014 og verkefninu Efling sveitarstjórnarstigsins .....	17
Nefndir koma saman til vinnu.....	19
Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.....	19
Kosningar.....	20
Fylgiskjal 1 – fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.....	23

---

**Fimmtudagur 18. september 2014**

- 10:00 Fundarsetning. Gunnar Sigurðsson, formaður SSV**
- 10:05 Kosning í nefndir sem starfa á þinginu**  
*Kosning starfsmanna*  
*Kjörbréfanefnd*  
*Kjörnefnd*  
*Fjárhagsnefnd*  
*Nefnd um lagabreytingar*
- 10:30 Kynning á breytingum á starfsemi SSV**  
**Kynning á tillögu að lagabreytingu**  
**Kynning á fjárhagsáætlun fyrir árið 2015**
- 11:15 Kynning á starfsemi og verkefnum SSV**  
*Atvinnuþróun/Vaxtarsamningur*  
*Markaðsstofa*  
*Almenningssamgöngur*  
*Menningarmál*  
*Málefni fatlaðra*  
*Sorpurðun Vesturlands*  
*Sóknaráætlun*
- 12:00 Hádegisverður í Leifsbúð, nefndir koma saman til vinnu**
- 13:00 Samskipti ríkis og sveitarfélaga**  
*Erindi; Gunnar Sigurðsson, form. SSV*  
*Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga*  
*Hanna Birna Kristjánsdóttir, ráðuneytisstjóri í Innanríkisráðuneytinu*  
*Haraldur Benediktsson, þingmaður*  
*Pallborð undir stjórn Magnúsar Magnússonar ritstjóra með þátttöku frummælenda og Regínu Ásvaldsdóttur.*
- 15:00 Kynning á íbúa- og fyrirtækjakönnun á Vesturlandi sem unnin var 2014 og verkefninu Efling sveitastjórnarstigsins**
- 16:00 Nefndir koma saman til vinnu**
- 16:45 Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands**  
*Ársreikningur lagður fram til samþykktar*  
*Kosning stjórnar*  
*Önnur mál*
- 17:15 Kosningar**  
*Tillaga að lagabreytingum*  
*Tillaga að fjárhagsáætlun*  
*Stjórn og formaður SSV*
- 17:45 Þingslit – léttar veitingar**



## FULLTRÚAR OG GESTIR Á FRAMHALDSAÐALFUNDI SSV 2014

### AKRANES

Valdís Eyjólfsdóttir, bæjarfulltrúi  
Rakel Óskardóttir, bæjarfulltrúi  
Vilborg Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi  
Ingibjörg Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi og stjórn SSV  
Sigrún Inga Guðnadóttir, bæjarfulltrúi  
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri  
Ólafur Adólfsson, bæjarfulltrúi og formaður HVE  
Gunnar Sigurðsson, formaður SSV

### BORGARBYGGÐ

Helgi Haukur Hauksson, sveitarstjórnarfulltrúi  
Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjórnarfulltrúi og stjórn SSV  
Magnús Smári Snorrason, sveitarstjórnarfulltrúi  
Ragnar Frank Kristjánsson, sveitarstjórnarfulltrúi  
Sigríður Bjarnadóttir, stjórn SSV  
Jónína Erna Arnardóttir, sveitarstjórnarfulltrúi  
Kolfinna Jóhannesdóttir, sveitarstjóri

### DALABYGGÐ

Ingveldur Guðmundsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi  
Halla S. Steinólfsson, sveitarstjórnarfulltrúi  
Eyþór Jón Gíslason, sveitarstjórnarfulltrúi  
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

### EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

### GRUNDARFJARÐARBÆR

Eyþór Garðarsson, bæjarfulltrúi  
Berghildur Pálmadóttir, bæjarfulltrúi  
Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri

### HELGAFELLSSVEIT

#### HVALFJARÐARSVEIT

Ása Helgadóttir, sveitarstjórnarfulltrúi  
Hallfreður Vilhjálmsson, stjórn SSV  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

### SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

### SNÆFELLSBÆR

Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi og stjórn SSV  
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi  
Kristján Þórðarson, bæjarfulltrúi  
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

### STYKKISHÓLMSBÆR

Hafdís Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi  
Lárus Ástmar Hannesson, bæjarfulltrúi  
Sigurður Páll Jónsson, bæjarfulltrúi  
Sturla Böðvarsson, Bæjarstjóri

### AÐRIR GESTIR

Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra  
Þórey Vilhjálmsson, aðstoðarmaður ráðherra  
Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri IRR  
Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi IRR  
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri IRR  
Haraldur Benediktsson, alþingismaður  
Elsa Lára Arnadóttir, alþingismaður  
Helgi Helgason, framkvæmdastjóri  
Heilbrigðiseftirlits Vesturlands  
Ása Hólmarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi  
Magnús Magnússon, ritstjóri Skessuhorns  
Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri  
sóknaráætlana, Byggðastofnun  
Jón Jónsson, menningarfulltrúi FV  
Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri  
SSNV  
Bjarni Jónsson, formaður SSV

### STARFSMENN SSV

Anna Steinsen  
Einar Þ. Eyjólfsson  
Elísabet Haraldsdóttir, menningarfulltrúi  
Hrefna Bryndís Jónsdóttir  
Margrét Björk Björnsdóttir  
Ólafur Sveinsson  
Páll Brynjarsson  
Vífill Karlsson



---

## FUNDARSETNING

---

Gunnar Sigurðsson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna á framhaldsaðalfund og málþing SSV. Hann fór stuttlega yfir starfsemi SSV og þær breytingar sem hafa verið gerðar á síðustu misserum. Hann stakk uppá Eyþóri Gíslasyni og Sveini Pálssyni sem fundarstjórum og var það samþykkt. Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kynnti tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar.

<b>Fundarstjórar:</b>	Eyþór Gíslason Sveinn Pálsson
<b>Fundarritarar:</b>	Einar Þ. Eyjólfsson Margrét B. Björnsdóttir
<b>Kjörbréfanefnd:</b>	Ragnar Frank Kristjánsson Vilborg Guðbjartsdóttir
<b>Kjörnefnd:</b>	Kristinn Jónasson Ingibjörg Valdimarsdóttir Helgi Haukur Hauksson Halla Steinólfsdóttir
<b>Fjárhagsnefnd:</b>	Björn Bjarki Þorsteinsson Sveinn Pálsson Rakel Óskarsdóttir Eggert Kjartansson Kristín B. Árnadóttir Ólafur Adolfsson
<b>Lagabreytinganefnd:</b>	Sigríður Bjarnadóttir Kolfinna Jóhannesdóttir Skúli Þórðarson Eyþór Garðarsson Hafdís Bjarnadóttir



---

## KYNNING Á BREYTINGUM Á STARFSEMI SSV, TILLÖGU AÐ LAGABREYTINGU OG FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 2015

---

**Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV og Hrefna B. Jónsdóttir, skrifstofu og fjármálastóri SSV.**

**Sérstakt skjal með glærum.**

**Fundarstjóri þakkaði Páli og Hrefnu fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**

---

*Fyrirspurnir og umræður*

---

Spurt var hver yrðu áhrif lagabreytinga á krónutöluhækkun fyrir sveitarfélögin. Hrefna svaraði því að Akranes væri að greiða rúmar 6,7 m.kr. á þessu ári en sú greiðsla myndi fara í 11 m.kr. með fastagjaldinu, Borgarbyggð færi úr 3,6 m.kr. í 6 m.kr. Snæfellsbær myndi fara úr 1,9 m.kr. í rúmar 3,1 m.kr. Stykkishólmur myndi greiða 2,2 m.kr. og Dalabyggð 1,5 m.kr. eftir breytingar. Gert er ráð fyrir að fastagjaldið færi í 500 þús.kr. úr 372 þús. kr..

Í kynningunni kom Páll inná að fyrirsjáanlegt væri að verkefnastaða hjá SSV myndi koma til með að aukast í nánustu framtíð. Spurt var hvort að það væru einhverj ákveðin verkefni sem menn væru með í huga.

Páll svaraði því til að hann væri ekki með nein sérstök verkefni í huga heldur væri hann fyrst og fremst að velja fyrir sér þeirri þróun sem verið hefur undanfarið og þeirri umræðu sem hefur verið t.d. í tengslum við umræðurnar um þriðja stjórnarsýslustigið hér á Íslandi. Honum sýndist að þeir sem koma að stjórnámálum og sveitastjórnarmálum telji ekki forsendur fyrir þriðja stjórnarsýslustiginu. Menn hefðu hins vegar sýnt áhuga á auknu samstarfi og væru þá landshlutasamtökin sá vettvangur sem menn hefðu reynslu af samstarfi. Út frá þeirri umræðu velti hann fyrir sér möguleikanum á auknum verkefnum. Páll tók sem dæmi hvaða leið sveitarfélögin á Vesturlandi fóru varðandi málefni fatlaðra þar sem stofnað var byggðasamlag undir hatti SSV. Það var gert vegna þess í lögum væri kveðið á um að hægt sé að stofna sérstakt byggðasamlag. Landshlutasamtök sveitarfélaga væru ekki lögbundin en í lögnum væri kveðið á um að heimilt sé að stofna landshlutasamtök sem takmarkar að einhverju leyti þau verkefni sem samtökin geta tekið að sér. Möguleiki á auknum verkefnum byggjast fyrst og fremst á því að menn sjá fyrir sér aukið samstarf.

Spurt var um ástæður þess að framlög til sóknaráætlunar lækki á milli ára. Hrefna svaraði því að ekki væri gert ráð fyrir framlagi úr Sóknaráætlun fyrir árið 2015 þar sem stjórnvöld hafa ekki tekið ákvörðun um framvindu þess verkefnis. Afgangur af framlagi þessa árs kæmi inná fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.



Spurt var hvort verið væri að bera saman sömu rekstrartölur í tengslum við samanburðartölur sem notaðar voru í kynningunni en þar var rekstur mismunandi landshlutasamtaka borinn saman. Páll svaraði því til að þessar tölur væru sambærilegar enda var kallað eftir þessum tölum sérstaklega á sínum tíma til þess að geta borið tiltekna þætti saman.

Að lokum var óskað eftir nánari útskýringu á kostnaði, þar sem í kynningunni kom fram að hvert sveitarfélag ætti að greiða fyrir sína fulltrúa í stjórn SSV og jafnframt kæmi fram í fjárhagsáætluninni að kostnaður á hvern íbúa ætti að hækka. Hrefna vísaði í glæru sem kemur fram að launakostnaður væri áætlaður um 61,5 m.kr.. Ef stjórnarkostnaður væri inni þessari tölu, myndi sá kostnaðarliður vera um 3 m.kr. hærri. Ljóst væri að finna þyrfti tekjur á mótí þeim kostnaði. Hún bætti við að á undanförunum misserum hefði verið tekist á við launahækkanir t.d. í tengslum við almennar launahækkanir, rekstur markaðsstofu og fleiri verkefni.

**Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**

## KYNNING Á STARFSEMI OG VERKEFNUM SSV

**Ólafur Sveinsson, forstöðumaður Atvinnuráðgjafar Vesturlands**

Ólafur kynnti starfsemi og hlutverk Atvinnuþróunar SSV, Markaðsstofu, Almenningsgangna og Vaxtarsamnings.

**Elísabet Haraldsdóttir, Menningarfulltrúi Vesturlands**

Elísabet kynnti menningarmál á Vesturlandi

**Hrefna B. Jónsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri SSV**

Hrefna kynnti Málefni fatlaðra, Sorpurðunar og Sóknaráætlun.

**Sjá sérstakt skjal með glærum.**

**Fundarstjóri bauð næst kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.**

**Ragnar Frank Kristjánsson** gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Borist höfðu kjörbréf frá öllum sveitarfélögum nema Helgafellssveit og engar athugasemdir voru gerðar. Hann las upp öll nöfn fulltrúa sveitarfélaganna með nafnakalli og viðkomandi aðilar stóðu upp þegar nafn þeirra var kallað upp.

**Fundarstjóri þakkaði ofangreindum aðilum fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**

---

*Fyrirspurnir og umræður*

---

Ein fyrirspurn barst í tengslum við Atvinnuráðgjöf Vesturlands en spurt var hvort að greining hafi verið gerð á því hvernig ráðgjöfin skiptist á milli á sveitarfélaga. Ólafur sagði að gerð hefði verið greining á því hvernig ráðgjöfinni væri skipt eftir svæðum. Niðurstöður þeirrar greiningar sýna að ráðgjöfinni væri misskipt á milli svæða eftir tímabilum sem myndi helst ráðast af



atvinnuástandi og hugmyndaauðgi á hverjum stað hverju sinni.

## Fundarstjóri þakkaði fyrir umræður og fyrirspurnir.

---

*Matarhlé*

---

## SAMSKIPTI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

### Erindi og pallborðumræður

**Gunnar Sigurðsson** hélt upphafserindi um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Hann tók fram að honum fyndist verulag halla á sveitarstjórnarfólk í samskiptum sínum við ríkið. Þó ýmislegt hefði áunnist undanfarin ár, þá þyrfti að koma þessum samskiptum í fastar skorður og bæta samráð milli þessara aðila til þess að samskiptin færu fram á jafningjagrunni. Hann tók dæmi um samskipti sveitarfélaga og stjórnvalda sem þar sem fram kom sinnuleysi og skortur á samráði. Í árslok 2011 sendu SSV og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands erindi til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytisins þar sem hvatt var til þess að flytja verkefni frá heilbrigðisstofnunum til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Þessu erindi hefur aldrei verið svarað þrátt fyrir að margítrekað hefur verið óskað eftir svörum. Gunnar sagði að það væri óviðunandi að ráðuneyti svari ekki erindum landshlutasamtökum sveitarfélaganna. Hægt væri að nefna fleiri sambærileg dæmi t.d. varðandi erindi um veiðar á mink og ref og lækkun húshitunarkostnaðar. Engum af þessum erindum hefur verið svarað.

Málefni fatlaðra var flutt til sveitarfélaganna árið 2011, stofnað var byggðasamlag um samstarfið undir hatti SSV. Vestlendingar hafa verið ósáttir við breytingar á úthlutunarreglum sem hafa dregið úr fjárveitingum til Vesturlands og ljóst væri að sveitarfélögin á Vesturlandi hafa greitt tugi milljóna króna með verkefninu undanfarin ár. Vegna þessa var sent erindi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í árslok 2013 þar sem farið var fram á aukafjárveitingu en sjóðurinn hefur ekki enn afgreitt erindið. Gunnar benti á að skortur væri á fjármagni til þess að sinna þessu verkefni og hafa sveitarstjórnarmenn hefðu rætt það hvort að skila eigi verkefninu aftur til ríkisins. Gunnar kvað Vestlendinga hafa bundið miklar vonir við innleiðingu sóknaráætlun landshlutanna sem hafði það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið og bæta samskipti ríkis og sveitarfélaga. Auk þess að gera stjórnarsýsluna einfaldari og skilvirkari. Það hefði sýnt sig hins vegar að enn er langt í land að þetta kerfi virki eins og til stóð. Sífelld óvissa um fjárveitingar til sóknaráætlana væru að verða dragbítur á þetta ágæta verkefni. Gunnar kom inná að oft virðist sem það væri erfitt fyrir ráðuneyti að ganga í takt í þessu verkefni. Í því samhengi benti hann á að landshlutasamtökin hefðu ítrekað bent á að endurskoða þyrfti skiptingareglur fjármagns til menningarsamninga. Vesturland væri einn þeirra landshluta sem hefðu borið skarðan hlut frá borði undanfarin ár. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar hefði ekki verið tekin upp sanngjörn skiptaregla fjármagns til landshluta.

Hann ítrekaði að nauðsynlegt væri að bæta samskipti ríkis og sveitarfélaga og þau samskipti ættu að byggja á gagnkvæmri virðingu, tveggja jafn réttáttara aðila. Þess vegna hefði það verið lagt til að samskipti ríkis og sveitarstjórnarstigs yrði sérstakt þema á fyrsta málþingi SSV sem haldið væri í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru í lögum samtakana á síðasta ári. Að lokum vildi hann skora á þingmenn kjördæmisins að þeir hefðu eftirlit með því að þessi





samskipti séu eðlileg, þar sem þeir hefðu fengið afrit af öllum þeim bréfum sem samtökin hafa skrifað.

### **Karl Björnsson, Sjá sérstakt skjal með glærum.**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir**, byrjaði á því að þakka gott boð á fundinn og tók fram að nú væri hún að hefja annan fund sinn í fundaröð með landshlutasamtökum sem væri góður vettvangur til þess að fara yfir málin. Hún kvaðst hafa verið lengi þeirrar skoðunar að samskiptin væru ekki næg. Það myndi ekki bara standa sveitarfélögum fyrir þrifum heldur jafnframt ríkinu. Það væri margt sem ríkið og ríkisvald getur lært af sveitarstjórnnum. Teldi hún í gegnum reynslu sína af sveitarstjórnarstiginu að ríkisvaldið gæti lært ýmislegt af þeim vinnubrögðum sem þar væru viðhöfð. Hún óskaði nýjum sveitarstjórnarmönnum til hamingju með ný störf, nýja ábyrgð og ný verkefni. Hún óskaði eftir góðu samstarfi og gerði fundarmönnum grein fyrir að hún legði mikla áherslu á það sem ráðherra sveitarstjórnarmála að eiga gott samstarf við sveitarfélögin í landinu. Hún tjáði fundarmönnum að hún fundaði reglulega með framkvæmdastjóra og formanni Samtaka íslenskra sveitafélaga þar sem reynt væri að klára sem flest mál sem síðan færu í farveg hjá viðeigandi embættismönnum. Hún hvatti sveitarstjórnarmenn til þess að hafa samband ef það væri einhver málefni sem lægju þeim á hjarta. Hún kom inná mikilvægi þess að konum hefði fjölgað í sveitarstjórnnum á Íslandi eftir síðustu kosningar en í dag væru konur um 44% sveitarstjórnarmanna. Það myndi skipta miklu máli fyrir fólkið í landinu og fyrir samfélögin í sveitafélögum landsins. Hanna Birna minntist á að minnkandi kosningaþátttaka væri verulegt áhyggjuefni á Íslandi og ekki væri hægt að yppa öxlum og segja að það væri einfaldlega afleiðing af hruginu og vantrausti í kjölfar þess. Kosningaþátttaka væri að dragast hratt saman og það væri grafalvarlegt mál hve lítil hluti af ungu fólki skilaði sér á kjörstað. Það segði okkur eitthvað um framtíðina og nauðsynlegt væri að staldra við. Til stendur að innanríkisráðuneytið fari í samstarf við háskólasamfélagið til þess að reyna greina þessa þætti og varpa ljósi á það hvað veldur og hvað sé mögulegt að gera til að sporna við þeirri þróun. Hún benti á að andrúmloftið á alþingi eins og það birtist almenningi væri ekki til fyrirmyndar og væri ekki til þess fallið að auka virðingu þingsins. Hún hvatti sveitarstjórnarmenn til þess að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti þvert á flokka. Það gæti hjálpað til þess að fá fólk til þess að fá áhuga á stjórnárum og að það taki frekar þátt í kosningum.

Hanna Birna tók undir þau sjónarmið að samskipti milli ríkis og sveitarfélaga væru ekki nægjanlega góð. Hún taldi að eina af ástæðum þess vera þá að ríkisvaldið litið ekki á sveitafélögin sem jafningja. Ríkið ætti það til að líta á sveitarfélögin sem deild í ríkisvaldinu. Ef þetta væri borið saman við fyrirtæki þá væri ríkisvaldið stjórnin og sveitarfélögin deildir. Þegar ríkið nálgast hlutina á þennan hátt þá myndi það skapa ákveðin samskiptaform sem hún telur að þurfi að breyta. Það væri hennar skoðun að ríkisvaldið þyrfti að horfa á hlutina útfrá nýju ljósi og líta á sveitarfélögin sem jafningja og samstarfsaðila sem kemur að opinberum málum. Hanna Birna nefndi að það væri ákveðinn lagarammi þegar kæmi að samskiptunum og reynt er að fylgja honum eftir fremsta megni. Í því samhengi nefndi hún Jónsmessunefnd sem sett var á laggirnar á síðasta kjörtímabili í góðri sátt sveitarfélaga og ríkisins. Það væri ákveðið fyrirkomulag og form um samskipti sem hefðu auðveldað fullt af hlutum. Stundum þyrfti ekkert annað en litla breytingu á útfærslu á formgerð á ríkjandi lögum til þess að ná utan um hlutina. Fyrir utan lögin þá væru ákveðnar skyldur sem þyrfti að uppfylla t.d. væru öll frumvörp sem koma fyrir ríkisstjórn kostnaðarmetin með hliðsjón af sveitarfélögunum o.s.frv.. Svo væri löggjöf um hvernig þau eiga að viðhafa samráði við sveitarfélögin. Hún tók fram að það væri mikilvægt að gera sér grein fyrir hvernig maður myndi upplifa orðið samráð. Greinilegt væri að lagður



væri mismunandi skilningur í það orð. Hún upplifði mismunandi skilning þegar innanríkisráðuneytið fór af stað með sameiningu lögreglu og sýslumannsembættanna. Þá setti ráðuneytið inn frétt á heimasíðu þess að nú væri samráð að hefjast og verið væri að útbúa umræðuskjal sem væri undirstaða þess samráðs. Í kjölfarið fylgdu ótal fyrirspurnir og las hún fjölmargar fréttir um það að búið ákveða allt í þeim efnum. Það var hins vegar ekki innihald fréttarinnar sem sett var inná vefinn heldur var verið að leggja efni inní umræðuna. Það væri því nauðsynlegt að vera sammála um það samráð sem ríkir er fæli í sér ákveðið samstarf sem síðan myndi leiða til ákveðinnar niðurstöðu. Hanna Birna tók þó fram að í þessu verkefni hafi samráðið gengið mjög vel sem mætti meðal annars rekja til þess að þau tóku samtalið um allt land sem náði alveg inná þing, sem hefði skipt miklu máli. Hún kvaðst þeirrar skoðunar að tækist að klára mál í sátt og samstöðu þá myndu þau lifa lengur.

Að lokum tilkynnti Hanna Birna fundarmönnum þær fregnir að innanríkisráðuneytið hefði tekið þá ákvörðun Samgöngustofa skyldi veita nýrri ferju yfir Breiðarfjörð heimild til þess að sigla. Hún tilkynnti jafnframt að gert væri ráð fyrir niðurskurði í fjárlögum til samgöngumála á landinu öllu. Minna fjármagn mun fara til samgöngumála en áætlað var í samgönguáætlun sem myndi þýða að fresta þyrfti ákveðnum verkefnum. Reynt yrði að tryggja öryggi og viðhald á samgönguleiðum en nýframkvæmdir yrðu ekki eins örvar og vonir stóðu til. Hanna Birna sagði frá því að verkefnum og samstarfi í tengslum við almenningsamgöngur yrði haldið áfram en ekki væri búið að ákveða skiptingu fjármagns milli landshlutasamtaka. Ætlunin væri að ræða almenningsamgöngur betur á landsþingi landshlutasamtakana sem haldið yrði í vikunni á eftir þessu fundi og þar yrði jafnframt kynnt hvítbók um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Í tengslum við fjarskiptamál greindi Hanna Birna frá því að Haraldur Benediktsson þingmaður væri ásamt öðrum þingmönnum að fara yfir þau mál enda væri fullur skilningur af hálfu innanríkisráðuneytisins að þau væru brýnt hagsmunamál íbúa á Vesturlandi. Ein ástæða þess hve langan tíma það tæki að fá úrbætur í þessum málum mætti rekja til þess að tæknin væri einfaldlega á undan kerfinu.

### **Fundarstjóri þakkaði ofangreindum aðilum fyrir sitt erindi en þar sem Hanna Birna gat ekki verið viðstödd pallborðsumræðurnar opnaði fundarstjóri fyrir umræður og fyrirspurnir til hennar.**

Hönnu Birnu var þakkað fyrir áhugvert erindi og í kjölfarið var ákvörðun innanríkisráðuneytisins varðandi Breiðarfjarðarferjunnar Baldurs fagnað. Hönnu Birnu var bent á slæmar samgöngur í landsfjórðungnum, sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum. Í því samhengi var komið inná hvort að þingmenn ættu að setja sérlög á varðandi vegalagningu í gegnum Teigsskóg. Annað sem bent var á var að eini þéttbýlisstaðurinn á Vesturlandi sem ekki væri með bundið slitlag væri Snæfellsbær og í því samhengi var bent á veginn yfir Fróðarheiði. Var ráðherra beðinn um að hafa það verkefni í huga í tengslum við endurskoðun vegaáætlunar. Þá var komið inná að samskipti við iðnaðarráðherra, aðstoðarmenn hans og starfsmenn ráðuneytisins hefðu hingað til verið mjög góð og til fyrirmyndar. Hins vegar væri ekki hægt að segja sömu sögu um annað ráðuneyti þar sem erindum væri einfaldlega ekki sinnt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sveitarstjórnarmanna að fá málum framfylgt, málum sem jafnvel alþingi hefði tekið ákvarðanir um. Einnig var komið inná fjarskiptamál í dreifbýli og bent á að ungt fólk í dreifbýli hefði ekki sama aðgang að netsambandi og jafnaldrar þeirra annarsstaðar á landinu. Að lokum var lýst yfir ánægju með nýju sveitarstjórnarlögin og þá sérstaklega með fjármálakaflann sveitarstjórnarlaga sem skilaði sér í bættum árangri í rekstri sveitarfélaga.

Hanna tók undir ofangreind sjónarmið. Varðandi samgöngumál og Teigsskóg benti ráðherra á að tímalína verkefnisins væri nánast óskiljanleg. Verið væri að skoða hjá ráðuneytinu þær leiðir sem væru mögulegar í þeim málum. Hún sagðist vera búin að setja sig vel inní málin og væri þeirrar skoðunar að núverandi ástand væri ekki boðlegt. Hún sagði að brýnt væri að klára þetta mál og bætti því við að það hefðu verið mikil vonbrigði að málið virðist nú sigla í strand með ákvörðun Skipulagsstofnunnar, enda væri þarna um ræða einn versta vegakafla landsins. Hanna Birna kvaðst hafa rætt málið í umhverfis- og samgöngunefnd og hún myndi ræða málið í ríkisstjórn og í kjölfarið myndi hún funda með þingmönnum kjördæmisins. Hanna Birna sagði nauðsynlegt að fara fá niðurstöðu í þetta mál enda hefði það tekið alltof langan tíma.

Lýst var yfir ánægju með samskipti við innanríkisráðuneytið og var bent á þann kost að hafa starfandi ráðherra sem þekkti vel til sveitastjórnarmála. Komið var inná umræðuna um samráð í tengslum við málefni lögreglu og sýslumanna og bent á að Akranesbær hafi upplifað sig utanveltu í ákvörðunarferlinu og að það hefði mátt skynja að búíð væri að taka ákvarðanir um staðsetningu embætta áður en til samráðs kom. Þá var því fagnað að fram væru komin lög um opinber fjármál, sérstaklega vegna þess að það væri erfitt fyrir starfsmenn sveitarstjórnarmála að hafa ekki yfirsýn yfir fjármálin til framtíðar. Í því samhengi var bent á að það væri vond staða fyrir sveitarfélögin að fá upplýsingar frá ríkinu um tekjur í lok árs fyrir þjónustu sem þau hafa verið að veita allt árið. Þetta ætti við um málefni fatlaðra og rekstur hjúkrunarheimila. Það væri óskandi að hægt væri að fá upplýsingar fyrr um úr hve miklu fjármagni væri að spila. Þá var lögð til sú hugmynd að bæjar- og sveitastjórar á Vesturlandi myndi hittast einu sinni á ári ásamt ráðherra og fara yfir brýn málefni.

Hanna Birna tók vel í þá hugmynd að ráðherra myndi hitta bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi einu sinni á ári og fara yfir praktísk málefni og kvaðst ætla koma þeirri hugmynd í farveg. Varðandi opinberu fjármálin sagði Hanna Birna að búíð væri að ræða málið í ríkisstjórn og það væri núna hjá þingflokkinum. Málið væri gríðarlega umfangsmikið og í upphafi máls hafði hún áhyggjur af því að það væri miðstjórnartilhneiging í því en eftir að hún hafði kynnt sér málið betur og skoðað það með hliðsjón af sveitarfélögunum þá teldi hún mjög margt gott í því. Varðandi málefni sýslumanna og lögreglustóra vildi hún ekki fara djúpt í þá umræðu sem umræðan gæti farið að snúast um staðsetningar og þá þætti sem væru ekki ennþá formlega frágengnir. Hún vildi þó taka það fram að það hefði enginn sýndarleikur verið í gangi varðandi samráðsferlið. Eina sem hefði verið ákveðið var að hafa samráð, setja niður staðsetningarnar og síðan ræða málin. Þeir staðir sem voru ákvarðaðir sem aðalstöðvar, voru þeir staðir sem viðkomandi embættisaðilar töldu mikilvægir, ríkislögregla og sýslumannafélagið í ákveðnum atriðum en hún endurtók að engin endanleg ákvörðun hefði enn verið tekin. Mörg sveitarfélög komu með ábendingar og jafnvel hefðu landshlutasamtök sameinast um ákveðnar ábendingar. Mikilvægt væri að þetta mál myndi leysast farsælega m.a. svo að ríkisvaldið myndi ekki tapa trúnaði og að sveitarfélögin myndu ekki missa trúna á að ríkisvaldinu væri alvara um að það ætlaði sér að gera betur.

Spurt var hvort að ráðherra hefði hug á að setja mörk varðandi stærð sveitarfélaga út frá íbúafjölda. Einnig var spurt hvort að það væru einhver viðmið um tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Voru nefndar hugmyndir um að sveitarfélögin myndu taka yfir verkefni eins og vegagerð á sínu svæði, bæði skipulag og framkvæmdir. Bent var á að landshlutasamtökin gætu tekið yfir verkefni og bent á reynsluna af málefnum fatlaðra í því samhengi.



Hanna Birna sagði að það væri ekki afstaða hennar né ríkisstjórnarinnar að fara í lagasetningar varðandi sameiningar sveitarfélaga að svo stöddu. Sveitarfélögum hefði fækkað á undanförunum árum og það væri kominn tími til að láta frumkvæðið á sameiningum í hendur sveitarfélaga. Varðandi tekjuskiptingu þá nefndi Hanna Birna að markmið ríkisstjórnarinnar væri að tryggja hallalaus fjárlög. Það myndi koma niður mörgum aðilum þ.m.t. sveitarfélögunum. Það myndi jafnframt koma niður á ýmsum málaflokkum eins og samgöngum og heilbrigðiskerfi. Hvernig skipting fjármuna ætti nákvæmlega vera treysti hún sér ekki til að ræða á þessum vettvangi heldur þyrfti að taka þá umræðu við annað tækifæri og ræða þá jafnframt útsvar, tekjuhliðar sveitarfélaga og önnur verkefni sem hafa verið að færast frá ríkinu yfir sveitarfélögin. Að lokum óskaði fundarmönnum góðs gengis og þakkaði góðar móttökur.

**Haraldur Benediktsson**, fjallaði um fjárlagafrumvarpið sem verið væri að leggja fram um þessar mundir og þá vinnu sem væri framundan í því. Hann hvatti sveitarstjórnarmenn til þess að senda erindi inn til fjárlaganefndar til þess að koma sínum áherslum á framfæri. Í fyrra var brugðist við athugasemdum frá sveitarfélögum við gerð fjárlagafrumvarps, þannig að breytingar voru gerðar frá því það var kynnt fyrst, þangað til það var endanlega samþykkt. Í frumvarpinu í fyrra og í umsögnum sveitarfélaga var til að mynda fjallað mikið um dreifnámið og var brugðist við því með því að setja aukið fjármagn í að viðhalda því. Þá var mikill samhljómur milli sveitarfélaga um rekstrarframlög til dvalar- og hjúkrunarheimila og niðurstaðan varð sú að fjárlaganefnd lagði fram tillögu í annarri umræðu fjárlagafrumvarpsins um að bæta 230 m.kr. til reksturs hjúkrunarheimila á landsbyggðinni. Þá var einnig mikill samhljómur um sóknaráætlanir en í fyrra, líkt og nú voru áætlaðar um 15 m.kr. í verkefnið en niðurstaðan varð sú að um 100 m.kr. var bætt við þann málaflokk. Byggðamálaráðherra hefur lagt til að sama breyting verði gerð á frumvarpinu á milli umræðna núna. Haraldur kom inn á samgöngumál og vildi bæta við einum þætti sem ekki hafði komið fram á þessum fundi en það varðaði frágang og bókhald ríkisins í þessum málaflokki. Nauðsynlegt væri að fara yfir þau mál í þeim tilgangi að auka fé til vegagerðar. Haraldur sagði frá því að þar sem fjarskiptamál væri ofarlega á forgangslista sveitarfélaga hefði innanríkisráðherra brugðist við með því skipa starfshóp um það málefni en í þeim hópi á Haraldur. Hann tók fram að þessi málaflokkur væri einn af stóru málum landsbyggðarinnar og ljóst að ekki yrðu gerðar úrbætur í þeim málum nema með verulegu átaki hins opinbera. Hins vegar væri hið opinbera bundið reglum, þar sem ríkið getur ekki gengið auðveldlega komið inná fjarskiptamarkaðinn. Hann kom inná að á Vestfjörðum væri að verða til lítið módel þar sem aðilar hafa komið sér saman um láta reyna á að stofna fjarskiptafélag um grunnkerfi fjarskiptanna á Vestfjörðum þ.e.a.s. ljósleiðarana og mögulega koparlagnirnar. Það sameinast síðan inní því félagi sem að leggur ljósleiðara milli ákveðna svæða á Vestfjörðum. Haraldur kvaðst sannfærðum um að til þess að ná árangri í fjarskiptum á Íslandi, þá væri nauðsynlegt að draga saman í eitt grunnfélag öll fjarskiptakerfin þ.e. grunnflutningskerfi fjarskiptana. Félagið hefði þá ekki það hlutverk að selja þjónustu heldur myndu fjarskiptafyrirtækin koma þar til sögunnar og keppa um viðskiptavinina.

Að lokum vitnaði Haraldur í erindi Gunnars Sigurðssonar þar sem skorað var á stjórnvöld að horfa til heilbrigðisnefnda með ýmis verkefni. Í því samhengi nefndi Haraldur flutning búfjáreftirlitsins til matvælastofnunar frá sveitarfélögunum með aðkomu ríkisins. Málaflokknum væri þá komið fyrir hjá matvælastofnun sem fær aukna fjármuni til þess að sinna því eftirliti en stofnun fékk um 70 m.kr. til þess að sinna því verkefni. Haraldur var þeirrar skoðunar að vel hefði mátt koma eftirlitinu fyrir hjá sveitarfélögunum eða heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga með einhverskonar verktakasamningum. Það var í lagabreytingu sem alþingi gerði í vetur um eftirlit með áburði og sáðvörum og fleiri þáttum sem eru á sviði Matvælastofnunar



að opnað var fyrir þann möguleika að matvælastofnun mætti semja sveitarfélög eða landshlutasamtök um einhverja þætti. Haraldur tók þó fram að andstöðu gætti innan matvælastofnunnar varðandi þá hugmyndafræði.

## **Magnús Magnússon stýrði pallborðsumræðum,**

### **Þátttakendur:**

**Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga**

**Hermann Sæmundsson, staðgengill Innanríkisráðherra**

**Haraldur Benediktsson, þingmaður**

**Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akraneskaupstaðar**

**Gunnar Sigurðsson formaður SSV**

---

### *Fyrirspurnir og umræður*

---

Byrjað var á því að lýsa yfir ánægju með störf fjárlaganefndar og þingmanna í tengslum við málefni hjúkrunarheimila úti á landi. Bent var á mikilvægi góðra fjarskipta í nútímasamfélagi. Fólk væri að sækja upplýsingar og fréttir í auknum mæli í gegnum netið og þá mikið til í gegnum síma. Bent var á að yngri kynslóðin hlustaði ekki á fréttir í útvarpi eða læsi dagblöð, heldur myndi það sækja sér fréttir rafrænt á þeim miðlum sem því hentaði. Í þessu samhengi þá myndi fólk í dreifbýli gera sömu kröfur um aðgengi að góðu fjarskiptasambandi og þeir sem búa í þéttbýli. Eins og samfélagið væri í dag væri þetta spurning um mannréttindamál. Annað mál sem var nefnt tengdist húshitun á köldum svæðum. Bent var á að þeir íbúar sem búa við rafmagnshitun til húshitunar borga margfalt meira en þeir sem hita hús sín með heitu vatni. Í dag væri verið að niðurgreiða dreifingu á rafmagni í dreifbýli en það myndi aðeins að litlum hluta til skila sér til húshitunar, á sama tíma hefðu raforkufyrirtæki hækkað gjaldskrá í dreifbýli sérstaklega. Það hefði þýtt að niðurgreiðslur til húshitunar hefðu í raun staðið í stað og í rauninni hefði orðið raunhækkun á greiðslum til húshitunar. Ítrekað var að árið 2012 hefði verið lofað greiðslum til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði en þær greiðslur hefðu ekki skilað sér skildi. Skorað var á þingmenn í salnum að fara í málið með það að markmiði að lækka umræddan kostnað fyrir íbúa á svæðinu.

Þeirri spurningu var beint til pallborðsins um hvernig vinnu miðaði varðandi lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila sveitarfélaga. Jafnframt var spurt hvernig mál væru stödd varðandi skipulagningu lögreglu- og sýslumannsembætta.

*Hermann svaraði því varðandi kostnaðarmatið þá er það nýtt verkfæri, þar sem verið var að ná samstöðu um þetta verklag sem væri í mótun. Í tengslum við það væru tvær áskoranir sem menn stæðu frammi fyrir, annarsvegar væri það viðhorfið til þess að framkvæma þetta og myndu ráðuneytin standa sig misvel vel í því. Hins vegar væri þetta spurning um verkfæri og partur af því væri að búa til skilvirka verkferla til þess að ná utan um það sem þarf að gera betur. Varðandi yfirfærslu verkefna minntist Hermann á mikilvægi þess að ráðuneytin virði þá skildu sína að kostnaðarmeta allar reglugerðir og ef það hefði ekki verið nægjanlega vel gert þá þyrfti að gera úrbætur þar á. Varðandi sýslumannsembættin sagði Hermann frá því að vinna við reglugerð væri*



*langt er varðaði lagningu umdæmamarka og þá hvar þjónustustöðvarnar ættu að vera. Vinna væri í fullum gangi en vonandi myndi ákvörðun liggja fyrir í lok október.*

*Karl Björnsson sagði frá því að Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu hefðu verið í viðræðum við ríkið og málið væri flókið en það væri farið að glitta í niðurstöðu. Hann sagði frá því að Sambandið hefði ákveðið að draga sig til hliðar í viðræðunum í samráði við sveitarfélögin. Karl benti á að allt ferlið í kringum lífeyrisskuldbindingar væri flókið, sumar rekstrareiningar fá daggjöld sem dekka rekstur og önnur sem dekka rekstur og húsnæði o.s.frv.. Óskað hefur verið eftir því að fá betri skilgreiningu á þessum málum.*

Komið var inná tekjuhlið sveitarfélaganna og spurt í því samhengi hvort að í umræðunni væri að efla jöfnunarsjóð, sérstaklega hvað varðaði sértæka tekjuliði. Í ljósi þess að fleiri verkefni væru að færast frá ríki yfir til sveitarfélaga, var spurt hver væri framtíðarsýn stjórnvalda um hvernig landshlutarnir ættu að byggjast upp í framtíðinni sem stjórnsýslueining? Til samanburðar var tekið dæmi um að í Danmörku væri lágmarksfjöldi í sveitarfélagi 25.000 manns og í Grænlandi væru það 8.000 manns. Kallað var eftir skýrari framtíðarsýn um verkaskiptingu og lágmarksstærð sveitarfélaga.

Fjárlaganefnd var þakkað fyrir sína vinnu varðandi fjölgun hjúkrunarrýma á svæðinu. Í framhaldinu var bent var stærsta áskorunin í rekstrinum í dag fælist í að daggjöld væru of lág. Í því samhengi var vísað til þess að áhugavert yrði að skoða skýrslu ríkisendurskoðunar sem væri í vinnslu, varðandi rekstur hjúkrunardagheimila. Þá var komið inná að sveitarfélögin væru ný búin að taka yfir málefni fatlaðra en skömmu eftir að sveitarfélögin hefðu tekið yfir rekstur málaflokksins hefði komið tilskipun frá ríkinu er kostaði sveitarfélögin aukin fjárútlát án þess að nokkuð fjármagn kæmi frá ríkinu á móti. Brýnt fyrir þingmönnum og ríkisvaldinu að leggja áherslu á bættar samgöngur og bætt fjarskiptamál. Þá var hvatt til umræðu í tengslum við tvöfalda búsetu og í því samhengi var bent á að íbúafjöldi í Borgarfirði margfaldaðist yfir sumartímann þegar fólk streymdi í sumarbústaðabyggðir.

Í tengslum við fjarskiptamál var bent á að ung fólk væri hætt að lesa dagblöð. Það myndi lesa fréttir og fá upplýsingar í gegnum síma og tölvur sem krefðust góðs netsambands. Í ljósi þeirrar staðreyndar var bent á að ungt fólk myndi ekki flytja á ákveðin landssvæði vegna netsambandsleysis. Því væri um brýnt byggðamál að ræða að gera útbætur á þessu sviði, þar sem íbúafjöldi myndi fara fækkandi á landsbyggðinni yrði ekkert aðhafst í þessum málum og áhersla var lögð á að málið þyldi ekki bið.

Komið var inná samskipti ríkis og sveitarfélaga í ljósi þess að sveitarfélögin væru að taka yfir mikið af verkefnum. Vegna þess væri þeim mun mikilvægara að hafa samgöngu- og fjarskiptamál í lagi en eins staðan væri í dag vantaði töluvert uppá að svo væri. Bent var á að undirstaða þess halda uppi búsetu og þjónustu væri að hafa þessa þætti í lagi. Haraldi var hrósað fyrir orð sín um sjálfstæði stofnanna á landsbyggðinni. Lögð var áhersla á að efla þyrfti menntunartækifæri úti á landi og í því samhengi var gagnrýnd sú stefna stjórnvalda að fækka framhaldsskólum og háskólum á landsbyggðinni. Sú þróun væri ógnun við sjálfstæði skóla á svæðinu sem myndi skipta samfélagið miklu máli. Var Haraldur hvattur til þess að halda áfram á sömu braut þ.e. að standa vörð um sjálfstæði stofnanna svæðinu. Í tengslum við tvöfalda búsetu var bent á að þann möguleika hvort að hægt væri að bjóða uppá að þann möguleika að skipta útvari niður á tvö heimili.

Bent var á að mikilvægi þess fyrir alla íbúa Norðvesturkjördæmis að um allan landsfjórðunginn væru góðar samgöngur og voru þingmenn hvattir til frekar uppbyggingar og úrbóta á því sviði. Góða samgöngur væru mikilvægar fyrir íbúa og atvinnulífið t.d. í tengslum við flutninga á fiski og ferðamennsku. Bent var á að árið 2003 hefði komið fram í samgönguáætlun fjárveiting til framkvæmda við Teigsskóga. Í tengslum við hjúkrunarheimilin kom fram að það væri óásættanlegt að gert væri upp á milli einkarekinna hjúkrunarheimila og svo þeirra sem sveitarfélögin hefðu verið að taka að sér að reka og byggja upp. Mikilvægt væri að hefja samningaviðræður strax í stað þess að láta fjármálaráðuneytið tefja málið, þar sem þetta væri mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélögin. Þá var komið inná fjarskiptamál og sagt frá því að settur hefði verið 2,5 milljarður króna í fjarskiptasjóð sem átti að tryggja það fjarskiptasamband í dreifbýli en ljóst er að það fjármagn hefði farið í önnur verkefni og því væri mikilvægt að gera kröfu um að það fjármagn skilaði sér tilbaka.

Áfram var rætt um fjarskiptamál og mikilvægi þeirra. Dæmi var nefnt um vandræði sem ferðþjónustuaðilar í Húsfelli hefðu lent vegna lélegs fjarskiptasambands. Greint var frá því að óstöðugt 3G samband væri á staðnum sem gerði það að verkum að enduræsa þyrfti greiðslukortabúnað reglulega og að sendir sem væri í 24 km fjarlægð hefði dottið tvisvar út yfir sumarið sem gerði það að verkum að posakerfin hefðu ekki virkað. Það væri bagalegt að standa frammi fyrir hópi fólks sem ætla að greiða fyrir vöru eða þjónustu og greiðslukerfi virka ekki vegna lélegra fjarskiptamála. Til stendur að reisa hótél fyrir um 500 m.kr. á staðnum og ljóst er að verulegar úrbætur þarf að gera á svæðinu til þess að rekstur þess geti gengið.

Til viðbótar var bent á að fjarskiptamál hefðu mikið að segja varðandi sölu möguleika og verðmat á sumarbústöðum. Þá væru dæmi um það að fólk væri farið að draga úr sumarbústaðaveru vegna lélegra fjarskipta og slíkt myndi hafa áhrif á atvinnulíf á svæðinu. Einnig var bent á að ungt fólk fæst ekki á þá staði þar sem netsamband er óstöðugt. Varðandi samgöngumál var vísað til þess að framkvæmdir til vegamála væru aðkallandi þar sem að vegir til sveita væru í lélegu ástandi, sérstaklega í samanburði við sveitavegi á Suðurlandi.

Stjórnvöld hvött til þess að beita sér í orkumálum og þá sérstaklega í tengslum við húshitun á köldum svæðum enda væri það algjörlega óviðunandi að fólk á þessum svæðum skyldu vera borga margfalda orkureikninga. Haga þyrfti málum þannig að verð til húshitunar væri á svipuðu verði og meðaltal húshitunarkostnaðar fyrir hitaveitu. Þeirri spurningu var velt upp hvort að taka þyrfti einhverjar álíka ákvarðanir í þeim málum af hendi stjórnvalda líkt og teknar voru í varðandi ferjuna Baldur. Þá var bent á að mikilvægt væri að sama myndi yfir alla ganga varðandi rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila. Til dæmis fór síðasta ríkisstjórn af stað með jafnlaunaáttak í þessum málaflokki án þess að nokkuð fjármagn kæmi á móti til þess að standa straum af auknum launakostnaði. Þarna væri verið að stuðla af missamræmi þar sem að ekki myndu gilda sömu reglur á milli hjúkrunarheimila. Áhersla var lögð á að bæta samgöngur og fjarskipti á svæðinu. Markmiðið ætti að vera að útrýma öllum malarvegum á köflum þar sem umferðarþungi væri mikill. Komið var inná tekjuskjortingu vegna uppbyggingu stóriðju. Mikilvægt væri að huga að því að hluti umræddra tekna kæmu í sameiginlega sjóð sem myndi nýtast til atvinnuuppbyggingar á stærra svæði. Varðandi málefni fatlaðra var bent á að ekki hafi verið gert ráð fyrir hvernig ætti að byggja upp nýja aðstöðu fyrir fatlaða einstaklinga, þar sem einungis væri gert fyrir fjármagni til reksturs.

Varðandi samgöngumál var bent á að stór hluti vegakerfisins í Norðvesturkjördæmi væru tengivegir. Við gerð samgönguáætlunar hafi komið í ljós að hlutfall tengivega á Norðvesturlandi



næmi um 45% allra tengivega á landinu. Það hefði verið viðurkennt í nefndaráliti allra flokka að skipting á fjármagni til tengivega átti að taka mið af umræddu hlutfalli þegar því væri deilt út til framkvæmda. Mikilvægt væri að fá viðbótarfjármuni í framkvæmdir á tengivegum. Í því samhengi ætti Norðvesturkjördæmi að fá 45 m.kr. fyrir hverjar 100 m.kr. sem koma til viðbótar í uppbyggingu á tengivegum. Mikið væri af nýjum þingmönnum og sveitarstjórnarfólki sem myndi ekki þekkja þessa forsögu og því væri mikilvægt að þetta kæmist til skila og haldið yrði áfram að fá viðurkennt það samkomulag sem gert hefði verið á sínum tíma.

*Karl kom inná að vandamál í tengslum við fjarskiptamál væru landlæg en mikilvægt vær að fækka öllum gráum svæðum. Varðandi lífeyrisskuldbindingarnar þá benti hann á að fjármálaráðuneytið væri erfitt viðureignar en bætti við að verið væri að útbúa grábók þar sem reynt er að skilgreina öll grá svæði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Í tengslum við misskiptingu tekna þá benti Karl á að rétti vettvangurinn að ræða þau málefni væri á landsfundi SÍS. Í tengslum við flutning á málefnum fatlaðra þá benti Karl á að það hefði verið val sveitarfélaganna hvaða leið yrði farin á hverju svæði fyrir sig. Þannig hafa sveitarfélögin farið misjafnar leiðir við að taka yfir og byggja upp þjónustu. Það hefði verið rætt á síðasta landsþingi SÍS hvernig skyldi taka á málum en þar kom skýrt fram að það var lítill vilji að þróa þriðja stjórnsýslustigið. Karl kom inná að reglur jöfnunarsjóðs væru í endurskoðun, en varðandi breytingu á skiptingu tekna sveitarfélaganna þá yrðu sveitarstjórnarmenn að taka það upp á sveitarstjórnarþingum og ræða það sín á milli. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur engin völd til að beita sér í síkum málum. Varðandi NPA þá kom það ekki eftir á heldur var það í samningnum. Vandamálið núna í samningum við ríkið verður að fá það viðurkennt sem tilraunaverkefni áfram og það verði fjármagnað af ríkinu.*

*Hermann vísaði til orða ráðherra um að það væri engin áform um að fækka sveitarfélögum og að ráðuneytið myndi ekki beita sér varðandi stærð eða sameiningu sveitarfélaga. Ráðuneytið gæti hins vegar útvegað tæki og stuðning ef sveitarfélög myndu vilja vinna að sameiningarmálum. Varðandi tvöföldu búsetuna, þá væri það tæknilega séð einfalt mál að innleiða slíka skráningu. Spurningin væri hins vegar hvers konar réttindi og skyldur ætti að tengja við þannig skráningu. Það koma ýmis skattaleg atriði upp m.a. hvernig ætti að skipta útsvari á milli sveitarfélaga, hvernig ætti að útfæra barnabætur. Þannig myndu koma upp flóknar spurningar þegar málið væri skoðað í heild sinni. Í tengslum við tekjuskiptingu sveitarfélaga í tengslum við stórar framkvæmdir og stór fyrirtæki, þá hefur sú umræða lengi verið í gangi. Best væri að þessi mál væru rædd á sveitarstjórnarstiginu áður en farið væri úti framkvæmdir, þar sem erfitt væri að eiga við þessa hluti eftir á. Eins og þetta hefur verið gert þá hafa tekjuháu sveitarfélögin haldið sínum tekjum en í jöfnunarsjóðskerfinu hafa verið settar auka skerðingar á allra tekjuhæstu sveitarfélögum.*

*Haraldur tók undir orð fundarmanna í tengslum við umræðu um tengivegi og hvatti menn til samstöðu í þeim málum. Haraldur kom inná að stærðargráðan í fjarskiptamálum væri þannig að til þess að fjarskiptakerfið væri í góðum málum þyrfti að fjárfesta í því fyrir um 5-6 milljarða króna. Hann benti á að það væru nokkur verkefni framundan sem myndu deyfa þessa miklu vöntun á landsbyggðinni. Verið væri að vinna að nýju kerfi sem myndi breyta miklu og miðaði að því að 99,5% þjóðarinnar myndi búa við háhraðatengikerfi með 30 mb. flutningshraða í lok árs 2016. Hann tók fram að verið væri að vinna í þessum málum en hlutirnir gengu hægt. Fjarskiptafyrirtækin hér á landi væru mörg og veik og vanbúin að takast á við svona stór verkefni og bætti við að ástandið væri ekki einskorðað við Ísland í þessum málum. Nefndi hann að ESB hefði gefið tilskipun um að rýmka núverandi fjarskiptalög. Haraldur kom inná að raforkumál væru íbúum svæðisins mjög mikilvæg og benti á í því samhengi að 70-80% af kostnaði við lagningu ljósleiðara væri tilkominn vegna jarðvinnu. Hann velti upp þeim möguleika að byggja upp*





*dreifikerfi rafmagns í jörðu samliða lagningu ljósleiðara. Varðandi rekstur hjúkrunarheimila og lífeyrisskuldbindingar þeirra þá sagði Haraldur að verið væri að vinna málið í nefnd um lífeyrisskuldbindingar sem vonandi myndi skila niðurstöðu fljótlega. Varðandi húshitunarkostnað þá nefndi Haraldur að verið væri að berjast fyrir því að sú jafna yrði notuð við útreikning á verði, að jafndýrt væri að hita með rafmagni eins og með heitu vatni. Þeim áfanga var lofað að ná á kjörtímabilinu ásamt því að ná niður kostnaði við raforkudreifingu í dreifbýli.*

**Tilbrigði við dagskrá:**

**Jónína Erna Arnardóttir fékk leyfi til að koma í pontu og þar sem hún las upp ályktun frá Félagi tónlistakennara á Vesturlandi.**

*„Svæðisþingið á Vesturlandi haldið í tónlistarskólanum á Akranesi, hvetur ráðamenn til þess að horfa heildstætt á allar þær stofnanir sem mynda innviði í menntakerfi þjóðarinnar. Framsækin og metnaðarfull stefnumörkun í mennta- og menningarmálum á Íslandi krefst heildarframkvæmdar eigi markmið hennar eftir að ganga. Í ávarpi sínu á lokahátíð Nótunnar 2014 lét Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson þau orð falla að uppbygging tónlistarskóla um land allt hafi verið ein af þeim ákvörðunum sem hefðu reynst þjóðinni ákaflega góð og heillardrjúg fyrir svo marga hluta sakir. Það sem vekur mína athygli hvort sem er vegna gæða, útbreiðslu þess eða víðtæks hlutverks á sviði listamenningar og samfélagsmála og ekki gera þau mistök á líta framhjá þeim auðlindum sem eru til staðar í samfélaginu. Hér erum við að lýsa tryggð tónlistarskólanna í landinu og gera Íslendingum kleyft að skapa sér sérstöðu á sviði mennta og menningarmála. Við skorum á sveitarfélögin í landinu að mismuna ekki félagsmönnum í Kennarasambandi Íslands í launum eftir því í hvernig skóla þeir starfa. Tónlistaskólakennarar og stjórnendur tónlistaskóla sem eru félagsmenn í Kennarasambandi Íslands hafa verið samningslausir 8 mánuði. Við hvetjum ráðamenn til þess að sýna samkvæmni og sanngirni og ganga frá kjarasamningum við þann litla hóp hjá kennarasambandinu sem ekki hefur verið samið við. Við þurfum öll á hvort öðru að halda og jafnrétti launa er okkar krafa.“*

**Fundarstjóri þakkaði frummælendum, stjórnanda og þátttakendum í pallborði fyrir.**

## KYNNING Á ÍBÚA- OG FYRIRTÆKJAKÖNNUN Á VESTURLANDI SEM UNNIN VAR 2014 OG VERKEFNINU EFLING SVEITARSTJÓRNARSTIGSINS

**Vífill Karlsson, Hagfræðingur**

**Sjá sérstakt skjal með glærum.**

**Fundarstjóri þakkaði Vífli Karlssyni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**

---

*Fyrirspurnir og umræður*



Vífli var þakkað fyrir áhugavert erindi og þeirri spurningu var velt upp hvort að það væru einhver mörk fyrir því hvað hægt væri að reikna út varðandi hagræðingu. Tekið var dæmi um hvernig það væri hægt að reikna það út að það borgaði sig ekki að sameina Stykkishólm og Helgafellssveit, þegar reyndin væri sú að íbúar Helgafellssveitar myndu sækja nánast alla sína þjónustu inni Stykkishólmi. Í tengslum við sameiningar var komið inná að það væru ákveðin mörk sem hefðu verið í gegnum tíðina t.d. sýslumörkin. Mikilvægt væri þegar verið væri að leggja til sameiningar að ofan að gæta að menningu hverra svæða.

Vífill svaraði því að erfitt væri að draga allar undirannsóknir inni umrædda sviðsmyndagerð. Stundum koma niðurstaðar sem maður kys ekki að fá og þá yrði maður að setta sig við þær niðurstöður. Það var margt sem kom á óvart í þessari vinnu m.a. það að smærri sameiningarnar væru óheppilegri en þær stærri. Niðurstaða skýrslunnar segði hins vegar ekki að þetta væri óskynsamleg niðurstaða og hún drægi ekki þá ályktun heldur að stærri samningar væru skynsamlegri. Hann kvaðst ekki hafa reiknað út, þar sem um marga huglæga þætti er um ræða, hvort að það væri samfélagslegur ábati af þessum sameiningum, heldur frekar hverjar væru æskilegastar og hverjar væru óæskilegastar. Vífill bent hins vegar á að sameiningar sveitarfélaga yrðu alltaf pólitísk niðurstaða, huglægt mat þeirra er kæmu að kjörborðinu, hvort að þeir þættir sem týndir voru til myndu vigta innbyrðis. Það gæti enginn fræðimaður matreitt það ofan í almenning.

Spurt var hvaða forsendur væru á bakvið sviðsmyndirnar og hvort að raunhæft væri að bera saman umræddar sviðsmyndir.

Vífill vísaði í glærur og útskýrði forsendur á bakvið sviðmyndirnar. Hann taldi að samanburðurinn væri raunhæfur en þó ekki væri um hárnákvæm vísindi að ræða enda væri erfitt að koma þessu öllu saman, þar sem um væri að ræða margar mælingar sem mældu ólíka hluti.

Komið var inná að Borgarbyggð hefði látið Capacent gera fyrir sig íbúakönnun. Þar hefði sveitarfélagið komið illa út varðandi menningarmál í samanburði við önnur sveitarfélög. Í þessari könnun kæmi hins vegar fram að staða þessara mála væri hins vegar mjög góð. Þeirri spurningu var beint til Vífils hvernig stæði á því.

Vífill svaraði því til að um væri að ræða sitthvora spurninguna, þar sem Capacent beindi spjótum sínum að þeirri þjónustu sem sveitarfélagið veitti en í þessari könnun var spurt um menninguna í sveitarfélaginu almennt. Það væri sitt hvor hluturinn, þar sem einstaklingar geta verið óánægðir með þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir í menningarmálum meðan hann getur verið ánægður með menninguna í sveitarfélaginu.

Spurt var hvort að gerðar hafa verið kannanir meðal íbúa í sveitarfélögum sem hafa verið sameinuð og það spurt hvernig sameiningarnar hefðu gengið og hvort að fólk myndi vilja snúa tilbaka. Þá var spurt hvort að fólk sem býr í jaðarbyggðum í sameinuðum sveitarfélögum hafi verið spurt að því hvernig því líki áherslur sveitarfélagsins í þjónustumálum og hinum ýmsu verkefnum.



Vífill sagði að gerð hafi verið könnun hjá íbúum átta sveitarfélaga sem sameinuð voruð á tímabilinu 1994-2010. Þar kom í ljós að það voru helst íbúa á jöðrunum sem voru óánægðir með hvernig hlutirnir hefðu þróast. Heilt yfir voru menn ánægðari með hvernig þróunin hefði verið. Hann bætti við að áhugavert væri að gera fleiri kannanir á þessu sviði.

## NEFNDIR KOMA SAMAN TIL VINNU

## AÐALFUNDUR HEILBRIGÐISEFTIRLITS VESTURLANDS

### Helgi Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Helgi las og skýrði endurskoðaðan ársreikning ársins 2013.

**Fundarstjóri þakkaði Helga fyrir framsögu um ársreikning.  
Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um ársreikning.**

**Fundarstjóri bar ársreikning til samþykkis  
Ársreikningur 2013 samþykktur samhljóða**

### Kosning stjórnar

Aðalmaður:  
Ólafur Adólfsson

Varamaður:  
Anna María Þráinsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir  
Ingibjörg Valdimarsdóttir  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir  
Eypór Garðarsson

Halla Steinólfsdóttir  
Björn Guðmundsson  
Davíð Pétursson  
Hafdís Bjarnadóttir

Fulltrúi SSV:  
Ragnhildur Sigurðardóttir

### Önnur mál

Helgi vildi minna menn á löggjöf um vatnavernd og hvatti menn til að vera á verði varðandi nýjar reglutilskipanir og kostnað sem gæti af þeim hlotist. Einnig kom hann inná að til stæði að endurskoða fráveitulögin í umhverfisráðuneytinu en þau væru illskiljanleg og flókin. Þar af leiðandi væri mikilvægt að vera á verði um hag sveitarfélaganna í þeim málefnum. Þá greindi hann frá því að erindi hefði borist til heilbrigðisnefndar frá samtökum grunnskóla og leikskóla þar sem farið væri fram á að mældur yrði hávaði á ákveðnum svæðum innan skólanna. Mikilvægt væri að sveitarstjórnarmenn væru meðvitaðir um það verkefni og um þann kostnað sem af því gæti hlotist.

Aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands slitið kl. 17:02



---

## KOSNINGAR

---

Lagabreytinganefnd skilar af sér

**Sigríður Bjarnadóttir lagði fram lagabreytingar.**

**Sjá sérstakt skjal.**

**Fundarstjóri þakkaði Sigríði fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir**

---

*Fyrirspurnir og umræður*

---

**Lagabreytingar bornar upp til atkvæða.**

**Samþykkt.**

Fjárhagsnefnd skilar af sér

Fjárhagsnefnd samþykkti vegna ársins 2015 að fastagjaldið verði kr. 500.000 fyrir öll sveitarfélög. Einnig var lagt til að gjald pr. íbúa yrði kr. 1.580 árið 2015. Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði neikvæð uppá c.a. 1.325 þús. kr.. og er stjórn SSV hvött til þess að finna leiðir til þess að snúa þeim rekstri við.

**Fundarstjóri þakkaði Birni Bjarka fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir.**

---

*Fyrirspurnir og umræður*

---

Bent var á að hækkun einstakra sveitarfélaga væri mikil og því samhengi var nefnt að kostnaður fyrir Akranes myndi hækka úr 6,7 m.kr. á þessu ári uppí rúmar 11 m.kr. á því næsta. Sú hækkun myndi kalla á umræðu hvert verið væri að stefna með samtökin og hvað sveitarfélögin væru að fá fyrir peninginn.

Lögð var fram breytingatillaga við tillögu fjárhagsnefndar.

Talaga var felld.

**Tillaga fjárhagsnefndar borin til samþykkis.**

**Fjárhagsáætlun samþykkt með þessum breytingum. Sjá fylgiskjal 1.**



## Tillaga að stjórnarlaunum

### **Páll lagði fram tillögu að launum stjórnar.**

*Lagt er til að laun fyrir stjórnarfund yrðu 3%, af þingfararkaupi sem er 651.446 kr. sem gerir 19.543 kr. og að formaður fengi helmingi meira eða 6% af þingfararkaupi sem gera 39.087 kr.*

*Aðrar nefndarmenn fengju 2% af þingfararkaupi eða 13.029 kr. og nefndarformaður 4% af þingfararkaupi eða 26.058*

### **Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir**

---

*Fyrirspurnir og umræður*

---

### **Tillaga borin til samþykkis.**

### **Samþykkt.**

## Stjórn og formaður SSV

### **Kristinn Jónasson las upp tillögu að stjórn og varamönnum:**

Valgarður Lyngdal Jónsson og Raket Óskarsdóttir  
Bjarki Þorsteinsson og Guðveig Eyglóardóttir  
Ingveldur Guðmundsdóttir  
Eggert Kjartansson  
Eyþór Garðarsson  
Sif Matthíasdóttir  
Hjördís Stefánsdóttir  
Árni Hjörleifsson  
Kristín Björg Árnadóttir  
Hafdís Bjarnadóttir

#### Varamenn:

Gunnhildur Björnsdóttir og Einar Brandsson  
Magnús Smári Snorrason og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir  
Eyþór Jón Gíslason  
Atli Sveinn Svansson  
Rósa Guðmundsdóttir  
Hilmar Hallvarðsson  
Björgvin Helgason  
Jón Einarsson



Björn Hilmarsson  
Sigurður Páll Jónsson

**Tillaga borin til samþykkis.**

**Samþykkt.**

**Kristinn Jónasson las upp tillögu að formanni:**

Ingveldur Guðmundsdóttir

**Tillaga borin til samþykkis.**

**Samþykkt.**

**Fundastjóri gaf fráfarandi formanni stjórnar, Gunnari Sigurðssyni orðið og fól honum að slíta fundi. Gunnar þakkaði fundarstjórum fyrir góða fundarstjórn og Dalabyggð fyrir góðar móttökur í Búðardal. Fundarmönnum, nefndarmönnum og starfsfólki SSV fyrir gott framlag.**

**Ingveldur Guðmundsdóttir**, þakkaði traustið og kvaðst hlakka til samstarfsins og að því loknu sleit hún fundi.

**Fundi slitið kl. 18:04**



## FYLGISKJAL 1 – FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 2015

### Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Í þús.kr.	Raun 2013	Áætlun 2014	Endursk. áætl.2014	Áætlun 2015
<b>Rekstrartekjur</b>				
Árgjöld sveitarfélaga	16.890	17.520	17.556	29.379
Framlag Jöfnunarsjóðs	21.353	21.500	23.372	23.500
Framlag Byggðastofnunar	19.415	19.500	19.200	19.500
Framlög vegna sóknaráætlunar	36.734		26.034	11.200
styrkir	22.782	23.500	22.609	12.000
Fyrirfram innheimtir styrkir	-14.800		-11.200	
þjónustusamningar	13.714	7.000	11.362	11.500
Aðrar tekjur	1.740	1.500	800	1.500
	<b>117.828</b>	<b>90.520</b>	<b>109.733</b>	<b>108.579</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og tengd gjöld	53.562	55.815	57.500	64.594
Annar rekstrarkostnaður	24.609	27.239	25.690	25.000
Gjöld vegna sérverkefna	-660	2.000	3.700	2.000
Markaðsstofan	3.844	3.000	6.000	5.000
Sóknaráætlun	31.220		14.380	11.200
Afskriftir	2.015	1.917	1.917	1.917
	<b>114.590</b>	<b>89.971</b>	<b>109.187</b>	<b>109.711</b>
<b>Rekstrartap fyrir</b>				
<b>fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)</b>	<b>3.238</b>	<b>549</b>	<b>546</b>	<b>-1.132</b>
Vaxtatekjur og arður	1.222	180	569	500
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur	-2.084	-583	-743	-693
	<b>-862</b>	<b>-403</b>	<b>-174</b>	<b>-193</b>
<b>Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals</b>	<b>-862</b>	<b>-403</b>	<b>-174</b>	<b>-193</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>	<b>2.376</b>	<b>146</b>	<b>372</b>	<b>-1.325</b>